# Lárus F. Björnsson. Greinargerð vegna hans og stefna til Bjarna Benediktssonar 1938

Bjarni Benediktsson – Lárus F. Björnsson. Greinargerð vegna hans og stefna til Bjarna Benediktssonar 1938

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-6, Örk 4

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Dr. jur B J Ö R N Þ Ó R Ð A R S O N

lögmaður í Reykjavík

G j ö r i r  k u n n u g t : Mér hefur borist eftirfarandi greinargerð frá Lárusi F. Björnssyni, Fjölnesveg 20 hér í bæ :

" Í máli því, sem borgarstjórinn í Reykjavík f.h.
" bæjarsjóðs hefur höfðað á hendur mér með stefnu
" útgefinni þann 29.apríl s.l. og sem nú er rekið
" fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, þarf ég, til upp-
" lýsingar í málinu að leiða sem vitni bæjarráðs-
" mennina Guðmund Ásbjörnsson kaupmann, Jakob Möller
" alþingismann, Bjarna Benediktsson prófessor og
" Stefán Jóh. Stefánsson hæstaréttarmálaflutningsmann,
" svo og til þess að þeir staðfesti framburð sinn
" fyrir rétti ef krafist verður. Það eru því tilmæli
" mín, herra lögmaður, að þér kallið fyrrnefnda menn
" fyrir rétt svo fljótt sem verða má til þess að
" bera vitni í framangreinduxmáli og staðfesta fram-
" burð sinn ef krafist verður.

Samkvæmt framansögðu stefnist hér með sem vitnum þeim herrum, Guðmundi Ásbjörbssyni kaupmanni, Fjölnesveg 9, Jakob Möller alþingismanni, Hólatorgi 2, Bjarna Benediktssyni prófessor, Laugavegi 66 og Stefáni Jóh. Stefánssyni hæstaréttarmáaafl.m., Ásvallagötu 54, til þess að mæta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, miðvikudaginn þann 15. júní n.k. kl. 11. f.h. til þess þar og þá að bera vitni í málinu : borgarstjórinn í Reykjavík gegn Lárusi F. Björnssyni og staðfesta framburð sinn með eiði ef krafist verður.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsigli.

Lögmaðurinn í Reykjavík 13. júní 1938

(Sign) Björn Þórðarson

Gjald:
2,80-tvær krónur-
áttatíu aurar
Greitt.

B.Þ.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur